

1870.  
30. júní. er frá því í athugasemdunum við reikningsyfirlitið fyrir fjárhagsárið 1868—69, að útgjöld við póstferðir á Íslandi á þessu fjárhagsári hafi verið 103 rd. 80 sk. meiri en tekjurnar, samkvæmt reikningi landfógeta.

30. júní. **57. Bréf kirkju- og kennslustjórnarinnar til stiptsyfirvaldanna á Íslandi, um leyfi til að mega veita nafngreindum stúdentum brauð.**

Samkvæmt þegnlegum uppástungum kirkju- og kennslustjórnarinnar hefir hans hátign konunginum þóknast 27. þ. m. allramildilegast að fallast á, að stiptsyfirvöldin á Íslandi megi fá vald til að veita stúdentum Jóni Jónssyni úr Húnavatnssýslu eitthvert af þeim lökustu brauðum, sem nú eru laus á Íslandi, án þess að honum verði gefið fyrirheit um að fá betra brauð.

Þetta er yður hærmeð til vitundar gefið, herra stiptamtmaður, og yður, háæruverðugi herra, til þess þér kunngjörði það og gjörði þær ráðstafanir, sem með þarf.

30. júní. **58. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um laun handa málafærslumönnum við landsyfirréttinn.**

Í bræfi, dagsettu 29. nóvbrm. f. á., hafið þér, herra stiptamtmaður, getið þess, að það tímabil, sem tiltekið var í bræfi dómsmálastjórnarinnar 9. febrúar 1866<sup>1</sup> að borga mætti hinum settu málafærslumönnum við landsyfirréttinn á Íslandi, Jóni Guðmundssyni og Páli Melsted, laun þeirra, 250 rd. á ári handa hvorum um sig, úr dómsmálasjóði Íslands, væri á enda 31. desemberm. f. á., og hafið þér lagt það til, að greiða megi þessi laun eptirleidis sem áður úr dómsmálasjóðnum frá 1. janúarm. til 30. júním. þ. á., en að

<sup>1</sup>) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands II., 300.